

Áhættumat með hjálp Vinnuumhverfisvísa

Sex skref við gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum

Vinnuumhverfisvísir notaður

Fyrsta skref

Vinnuumhverfisvísar eru notaðir sem gátlistar til að finna hættur í vinnuumhverfinu. Þeir eru til fyrir 23 starfsgreinar og einnig nokkrir sértækir. Sjá: www.vinnueftirlit.is undir áhættumat

Vinnuumhverfisvísar eru settir upp í fjórum lóðréttum dálkum.

- Í fyrsta dálki eru efnisþættir eða atriði.
- Í öðrum dálki eru viðmið, en þar er farið yfir vinnuumhverfið með því að spyrja spurninga eða bent er á atriði varðandi vinnuvernd.
- Þriðji dálkurinn er til að merkja við, V= "í lagi", X= "ekki í lagi" eða O= "á ekki við".
- Í fjórða dálknum eru tilgreind lög, reglur, reglugerðir og fræðsluefni af ýmsu tagi sem tengist vinnuvernd.

Leggja skal sérstaka áherslu á grænlituð svæði en þau benda á þekkt vandamál í starfsgreininni.

Vinnuumhverfisvísir



Skráning og aðgerðaáætlun

Annað skref

Færa þau atriði sem flokkuðust "ekki í lagi" á Vinnuumhverfisvísinum yfir í fyrsta dálk á eyðublaðinu *Skráning og aðgerðaáætlun*

Þriðja skref

Í skrefi 3 þarf að fylla út í tvo reiti á eyðublaðinu *Skráning og aðgerðaáætlun*.

- 3a) Skilgreina möguleg áhrif á heilsu
- 3b) Hverjir eru í áhættu

Fjórða skref

Flokka áhættu, **lág**, **meðal** eða **há**. Líkur x afleiðingar
Sjá *Töflur til að meta áhættu* www.vinnueftirlit.is undir áhættumat

Fimmta skref

Í skrefi 5 þarf að fylla út í fjóra reiti á eyðublaðinu *Skráning og aðgerðaáætlun*.

- 5a) Skrá hvað er gert núna til að draga úr áhættunni
- 5b) Hvað þarf að framkvæma og úr hverju þarf að bæta
- 5c) Áætlaður kostnaður framkvæmda og úrbóta
- 5d) Skrá hvenær eru áætluð framkvæmdalok. Ábyrgðaraðili framkvæmda og úrbóta. Kvittun fyrir að verklokum.

Skráning og aðgerðaráætlun



Samantekt

Sjötta skref

Samantekt á áhættumati í forgangsrið. Hún skal rúmast á einu A4 blaði.

Samantekt

